

Rangárþing eystra
Austurvegur 4
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 10. júlí 2024
Málsnúmer: 202405-0051
SS

Efni: Breyting á aðalskipulagi – Dímonarflöt.

Við er í tölvubréf sem barst gegnum Skipulagsgátt, dags. 29. maí 2024, þar sem Rangárþing eystra óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi Dímonarflatar.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytinguna þann 1. nóvember 2023. Þar kom fram sú ábending að grónar og hálfgrónar eyrar Markarfljóts fóstta mikið fuglalíf. Má þar sérstaklega nefna spóa en búsvæði af þessu tagi eru kjörlandi hans hér á landi með einhvern mesta þéttleika sem þekktist á heimsvísu. Þéttleiki margra annarra vaðfugla er einnig hár og þá er kjói mjög algengur á svæðinu en hann er á valista sem tegund í hættu. Þessum búsvæðum er víða ógnað, s.s. vegna framrásar lúpínu og skógræktar og nú á seinni árum einnig vegna uppbyggingar frístundabyggða og ferðaþjónustu. Mikilvægt er að vernda sem stærst, samfelld svæði fyrir raski og uppbroti (e. fragmentation) og reyna að hefta frekari útbreiðslu lúpínu.

Þá var bent á að skipulagssvæðið sem hér um ræðir er á svæði sem lúpína hefur að miklu leyti lagt undir sig. Fáar fuglategundir verpa innan þéttra lúpínubreiða en þúfuttlingur og hrossagaukur finnast þar þó í miklum þéttleika. Þar sem lúpínan er gisnari má m.a. gera ráð fyrir tegundum eins og spóa, heiðlóu og sandlóu.

Bent var á að við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar ætti að fjalla um áhrif áformaðrar landnotkunar á lykulfuglategundir á svæðinu. Einnig að skoða þyrfti samleðgaráhrif við aðrar framkvæmdir en nú er fyrirhuguð uppbygging vegna frístundabyggða eða ferðaþjónustu á a.m.k. þremur svæðum í grennd við Markarfljót.

Þá var bent á að því fylgi mikil ábyrgð að skipuleggja frístundabyggð og ferðaþjónustusvæði innan skilgreinds hættusvæðis vegna náttúruvár, þ.e. jökulhlaup vegna eldgosa undir jökli og að taka þurfi tillit til náttúruvár í allri landnýtingu og skipulagsvinnu.

Lítið hefur verið brugðist við þessum ábendingum við vinnslu tillögunnar að mati Náttúrufræðistofnunar og til dæmis ekki frekari umfjöllun um fuglalíf. Í umhverfisskýrslu eru áhrif á gróður og dýr metin neikvæð/óveruleg en það lítið útskýrt frekar. Varðandi náttúruvá er vísað í viðbragðsáætlun sem er í gildi. Þó ber að nefna að áætluð frístundabyggð hefur minnkað um tvær lóðir og um sex hektara að stærð frá því sem skipulagslýsingin greindi frá og áhrifasvæðið verður því minna sem er jákvætt. Ekkert er hins vegar rætt um samleðgaráhrif við aðra áformaða landnotkun.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson, sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

